



Fundargerð

4. fundur Hreppsnefndar Ásahrepps haldinn á skrifstofu Ásahrepps að Laugalandi í Holtum., miðvikudaginn 21. september 2022, kl. 08:30.

Fundinn sátu:

Ísleifur Jónasson, Helga Björg Helgadóttir, Nanna Jónsdóttir, Þráinn Ingólfsson, Kristín Hreinsdóttir og Valtýr Valtýsson.

Fundargerð ritaði: Valtýr Valtýsson, sveitarstjóri.

Kristín Þórðardóttir, sýslumaður, mætir á fund hreppsnefndar Ásahrepps undir þessum dagskrárlið.

1. Heimsókn sýslumannsins á Suðurlandi á fund hreppsnefndar Ásahrepps - 2209004

Sýslumaðurinn á Suðurlandi, Kristín Þórðardóttir, mætir á fund hreppsnefndar Ásahrepps til að kynna starfsemi og fyrirkomulag embættis sýslumanns og heyra væntingar sveitarstjórnarfólks til þjónsutu embættisins til framtíðar.

Hreppsnefnd Ásahrepps þakkar Kristínu Þórðardóttur fyrir upplýsandi fund og þakkar henni fyrir komuna.

2. 1. fundur fjallskiladeildar Holtamannaafréttar kjörtímabilið 2022-2026 - 2208032

Lögð fram fundargerð 1. fundar fjallskiladeildar Holtamannaafréttar kjörtímabilið 2022-2026, sem jafnframt var aðalfundur 2022.

Hreppsnefnd Ásahrepps staðfestir framlagða fundargerð fyrir sitt leyti.

3. Fundargerð 2. fundar fjallskiladeildar Holtamannaafréttar - 2209002

Lögð fram fundargerð 2. fundar fjallskiladeildara Holtamannaafréttar.

Hreppsnefnd Ásahrepps staðfestir fram lagða fundargerð fyrir sitt leyti.

4. Fundargerð 244. fundar skipulagsnefndar UTU - 2209001

Lögð fram fundargerð 244. fundar skipulagsnefndar UTU ásamt fundargerð 168. afgangslufundar byggingarfulltrúa.

Mál nr. 1; Efnistaka á Mýrdalssandi; Umsagnarbeiðni - 2208047

Lögð er fram umsagnarbeiðni frá Skipulagsstofnun er varðar umhverfismatsskýrslu um efnistöku á Mýrdalssandi. Í framkvæmdinni felst umfangsmikil efnistaka á Mýrdalssandi þaðan sem efnid verður flutt með vörubílum til Þorlákshafnar. Gert er ráð fyrir að fullfermdir bílar aki á um 15 mínútna fresti.

Skipulagsstofnun fer fram á að umsagnaraðilar veiti umsögn um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar. Umsagnaraðilar skulu gefa álit sitt í samræmi við 16. gr. reglugerðar nr. 1381/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Í umsögn skal koma fram hvort umsagnaraðili hafi athugasemdir við umfjöllun í umhverfismatsskýrslu út frá starfssviði umsagnaraðila, svo sem um gögn sem byggt er á, úrvinnslu gagna, mat á vægi og eðli umhverfisáhrifa eða framsetningu umhverfismatsskýrslu. Einnig, ef á skortir, hvaða atriðum

umsagnaraðili telur að gera þurfi frekari skil eða hafa sérstaklega í huga við leyfisveitingar, svo sem varðandi mótvægisaðgerðir og vöktun. Leyfisveitendur skulu í umsögn sinni gera grein fyrir þeim leyfum sem eru á starfssviði þeirra og framkvæmdin er háð.

Skipulagsnefnd UTU gerir ekki athugasemd við framlagða umhverfisskýrslu sem tekur til efnistöku á Mýrdalssandi. Nefndin telur að innan skýrslunnar sé á fullnægjandi hátt gert grein fyrir fyrirhugaðri framkvæmd í meginatriðum. Þau atriði skýrslunnar sem taka til áhrifa framkvæmdanna á sveitarfélög innan embættisins taka til aukinnar umferðar þungaflutninga í gegnum þau. Í skýrslunni kemur fram að ætla megi að heildaráhrif á umferð séu nokkuð neikvæð. Nefndin tekur undir það mat. Þrátt fyrir það mat eru ekki lagðar til mótvægisaðgerðir af hálfu framkvæmdaaðila er varðar aukið álag á þjóðveg 1, enda má ætla að allar slíkar áætlanir séu í forsvari Vegagerðarinnar og því ekki í höndum framkvæmdaaðila að leggja til aðgerðir sem taka til viðhalds eða úrbóta á þjóðvegi 1. Að mati nefndarinnar er ljóst að núverandi þjóðvegur 1 sem fer um aðildarsveitarfélög UTU þolir illa aukna þungaflutninga umfram það sem fyrir er, þótt svo að hlutfallsleg fjölgun ökutækja sem fer um veginn sé ekki mikil í heildina tekið. Þær framkvæmdir sem lýst er í skýrslunni og hugsanleg áhrif þeirra á aðildarsveitarfélög UTU eru ekki háðar útgáfu framkvæmda og/eða byggingarleyfa.

Afgreiðsla hreppsnefndar Ásahrepps er færð til bókar undir 18. dagskrárlið þessarar fundargerðar.

Mál nr. 19; Afgreiðslur byggingarfulltrúa - 22-168 - 2208001F
Lögð fram fundargerð afgreiðslufundar byggingarfulltrúa nr. 22-168.

5. Fundargerð 245. fundar skipulagsnefndar UTU - 2209031

Lögð fram fundargerð 245. fundar skipulagsnefndar UTU ásamt fundargerð afgreiðslufundar byggingarfulltrúa nr. 22-169.

Mál nr. 1; Ásmúlasel L224543; Ásmúlasel, Ásmúli 1B og Ásmúli 1C; Deiliskipulag- 2209033. Lögð er fram umsókn frá Möppunni ehf er varðar nýtt deiliskipulag í landi Ásmúlasels, Ásmúla 1B og Ásmúla 1C. Markmið með gerð deiliskipulagsins er að stilla upp 1 til 5 ha lóðum til fastrar búsetu auk 3 - 5 stærri lóða. Gert er ráð fyrir að innan lóða verði heimild til garðræktar, skógræktar, kolefnisbindingar, takmarkaðs búfjárhalds eða minni háttar atvinnustarfsemi s.s gallerí, vinnustofur eða gisting í samræmi við ákvæði aðalskipulags sem nú er í lokaferli.

Að mati hreppsnefndar fellur skilgreining svo margra lóða innan við 10 ha illa að stefnu nýs aðalskipulags Ásahrepps er varðar landbúnaðarland L1. Á skilgreindu L3 svæði telur hreppsnefndin þó að stefnan samræmist skilmálum aðalskipulags er varðar uppbyggingu á landspildum sem eru 1-10 ha að stærð. Að mati hreppsnefndarinnar kæmi til skoðunar að skilgreina spildur þar sem heimild væri til fastrar búsetu á því svæði sem tekur til Ásmúla 1B - 1C eflóðum væri fækkað umtalsvert og stærð þeirra aukin. Heildarstærð svæðisins er um 58 ha. Að mati hreppsnefndarinnar væri eðlilegra að á svæðinu væru skilgreind 4-5 smábýli. Horft verði til þess að takmarka uppbyggingu við lítinn hluta hvernar spildu til að lágmarka áhrif uppbyggingar á nýtingu landsins til matvælaframleiðslu.

Mál nr. 28; Afgreiðslur byggingarfulltrúa - 22-169 - 2208003F
Fundargerð afgreiðslufundar byggingarfulltrúa nr. 22-169 lögð fram til kynningar.

6. Fundargerð 2. fundar stjórnar Odda bs. - 2209006

Lögð fram fundargerð 2. fundar stjórnar Odda bs.

Til kynningar.

7. Fundargerð 4. fundar seyrustjórnar - 2209015

HBH
BI KKH
MS
D
EJ

Lögð fram fundargerð 4. fundar seyrustjórnar.

Til kynningar.

8. Fundargerð 2. fundar félagsmálanefndar - 2209008

Lögð fram fundargerð 2. fundar félagsmálanefndar Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu ásamt upplýsingum um breytingar á gjaldskrá til stuðningsfjölskyldna.

Til kynningar.

9. Fundargerð 223. fundar stjórnar Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs - 2209012

Lögð fram fundargerð 223. fundar stjórnar Sorpstöðvar Rangárvallasýslu.

Til kynningar.

10. Fundargerð 220. fundar Heilbrigðisnefndar Suðurlands - 2209013

Lögð fram fundargerð 220. fundar Heilbrigðisnefndar Suðurlands.

Til kynningar.

11. Fundargerð 104. fundar svæðisráðs vestursvæðis VJÞ - 2209028

Lögð fram fundargerð 104. fundar svæðisráðs vestursvæðis Vatnajökulsþjóðgarðs.

Til kynningar.

12. Fundargerð 19. fundar nefndar um svæðisskipulag Suðurlands - 2209027

Lögð fram fundargerð 19. fundar nefndar um svæðisskipulag Suðurlands.

Til kynningar.

13. Fundargerð aðalfundar Bergrisans 2022 - 2209029

Lögð fram fundargerð aðalfundar Bergrisans bs, sem haldinn var 30. júní 2022.

Til kynningar.

14. Fundargerð 42. fundar stjórnar Bergrisans bs - 2209030

Lögð fram fundargerð 42. fundar stjórnar Bergrisans bs.

Til kynningar.

15. Fundargerð 585. fundar stjórnar SASS - 2209011

Lögð fram fundargerð 585. fundar stjórnar SASS.

Til kynningar.

16. Fundargerð 586. fundar stjórnar SASS - 2209019

Lögð fram fundargerð 586. fundar stjórnar SASS.

Til kynningar.

17. Fundargerð 912. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga - 2209014

Lögð fram fundargerð 912. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Handwritten notes in blue ink: HBT, IT, KAT, and other illegible initials and symbols.

Til kynningar.

18. Efnistaka á Mýrdalssandi, umsagnarbeiðni vegna umhverfismatsskýrslu - 2208030

Á 3. fundi hreppsnefndar Ásahrepps var ákveðið að óska eftir umsögn skipulagsnefndar um umhverfismatsskýrslu um efnistöku á Mýrdalssandi. Skipulagsnefnd hefur skilað inn umsögn sinni, sjá bókun hennar undir 1. dagskrárlið þessa fundargerðar.

Lagt fram bréf UTU sem fram kemur umsögn skipulagsnefndar UTU um efnistöku á Mýrdalssandi. Hreppsnefnd Ásahrepps tekur undir bókun skipulagsnefndar UTU.

Hreppsnefnd Ásahrepps gerir ekki athugasemd við framlagða umhverfisskýrslu sem tekur til efnistöku á Mýrdalssandi. Hreppsnefndin telur að innan skýrslunnar sé á fullnægjandi hátt gert grein fyrir fyrirhugaðri framkvæmd í meginatriðum. Þau atriði skýrslunnar sem taka til áhrifa framkvæmdanna á Ásahrepp taka til aukinnar umferðar þungaflutninga í gegnum sveitarfélagið. Í skýrslunni kemur fram að ætla megi að heildaráhrif á umferð séu nokkuð neikvæð. Hreppsnefndin tekur undir það mat. Þrátt fyrir það mat eru ekki lagðar til mótvægisáðgerðir af hálfu framkvæmdaaðila er varðar aukið álag á Þjóðveg 1, enda má ætla að allar slíkar áætlanir séu í forsvari Vegagerðarinnar og því ekki í höndum framkvæmdaaðila að leggja til áðgerðir sem taka til viðhalds eða úrbóta á Þjóðvegi 1. Að mati hreppsnefndarinnar er ljóst að núverandi Þjóðvegur 1 sem fer um Ásahrepp þolir illa aukna þungaflutninga umfram það sem fyrir er, þótt svo að hlutfallsleg fjölgun ökutækja sem fer um veginn sé ekki mikil í heildina tekið. Þær framkvæmdir sem lýst er í skýrslunni og hugsanleg áhrif þeirra á Ásahrepp eru ekki háðar útgáfu framkvæmda og/eða byggingarleyfa.

19. Hugmyndir um jepparallý á Holtamannaafretti - 2209003

Lagt fram tölvuskeyti Tryggva M. Þórðarsonar, dags. 15. ágúst 2022, þar sem hann óskar eftir afstöðu hreppsnefndar Ásahrepps til hugmynda að nýta slóða á Holtamannaafretti fyrir jepparallý. Í skeytinu eru nefndar tvær leiðir, annars vegar leið sem er eftir Búðarhálsi og fer síðan niður að Sporðöldulóni og meðfram því og aftur upp á háls. Hins vegar er það slóð sem hefur á kortum fengið nafnið Ósölduslóð sem liggur milli Sprengisandsvegur og Þórisvatns.

Heppsnefnd Ásahrepps leggst gegn jepparallý á þessum vegslóðum.

20. Skipan í millipinganefndir fyrir komandi ársþing SASS - 2209007

Lagt fram tölvuskeyti SASS, dags. 23. ágúst 2022, þar sem óskað er eftir að hreppsnefnd Ásahrepps skipi kjörna fulltrúa á ársþingi SASS í millipinganefndir.

Hreppsnefnd Ásahrepps skipar Ísleif Jónasson í samgöngunefnd og Nönnu Jónsdóttur í allsherjarnefnd.

21. Tilnefning eins aðila í samstarfsnefnd um friðland í Þjórsárverum - 2209009

Lagt fram tölvuskeyti Umhverfisstofnunar, dags. 24. ágúst 2022, þar sem óskað er eftir að hreppsnefnd Ásahrepps tilnefni einn fulltrúa í samstarfsnefnd um friðland í Þjórsárverum.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að tilnefna Ísleif Jónasson sem fulltrúa Ásahrepps í samstarfsnefnd um friðland í Þjórsárverum og Nönnu Jónsdóttur til vara.

22. Vindorkuvettvangsferð til Danmerkur 24. - 27. október 2022 - 2209016

Lagt fram tölvuskeyti SASS, dags. 7. september 2022, þar sem kynnt er fyrirhuguð vindorkuvettvangsferð til Danmerkur dagana 24. - 27. október 2022.

Hreppsnefnd Ásahrepps sendir ekki fulltrúa í þessa ferð.

HÖH
BI
Kett
H.S.
J.S.

23. Samningur um umdæmisráð barnaverndar á landsbyggðinni - 2209018

Samningur sveitarfélaga á landsbyggðinni um umdæmisráð barnaverndar. Lögð voru fram drög að samningi um sameiginlegt umdæmisráð barnaverndar á landsbyggðinni, ásamt viðaukum og erindisbréfi valnefndar. Öll sveitarfélög landsins skulu hafa skipað umdæmisráð fyrir 1. október n.k.

Hreppsnefnd samþykkir samhljóða að Ásahreppur verði aðili að sameiginlegu umdæmisráði barnaverndar á landsbyggðinni. Hreppsnefnd Ásahrepps felur sveitarstjóra að vinna að framgangi málsins og í framhaldinu undirrita samning fyrir hönd Ásahrepps. Jafnframt er sveitarstjóra falið að kanna hvort gera þurfi breytingar á samþykkt um stjórn Ásahrepps vegna hins sameiginlega umdæmisráðs.

24. Fundargerð aðalfundar Félags- og skólaþjónustu 2022 - 2208018

Lagðar fram til seinni umræðu endurskoðaðar samþykktir Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og V-Skaftafellssýslu bs.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða fyrirbyggjandi samþykktir Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og V-Skaftafellssýslu eftir tvær umræður hjá hreppsnefnd.

25. Beiðni um uppsetningu ljósastaura og styrk á móti kaupum á rotþró - 2209020

Lögð fram tölvuskeyti Reynis Arngrímssonar þar sem hann óskar eftir uppsetningu á ljósastaurum og styrk á móti kaupum á rotþró við íbúðarhús að Steinási. Reynir og Nanna Maja Norðdahl eiga lögheimili að Steinási.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að settir verði upp tveir ljósastaurar að Steinási og veittur verði styrkur á móti kaupum á rotþró við íbúðarhús þar að upphæð kr. 300.000.

26. Styrkbeiðni Styrktarfélags krabbameinssjúkra barna - 2209021

Lagt fram tölvuskeyti Styrktarfélags krabbameinssjúkra barna, dags. 2. september 2022, þar sem óskað er eftir fjárstyrk vegna útgáfu blaðsins "Börn með krabbamein".

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að veita styrk að fjárhæð 5.000.

27. Tilnefning í starfshóp um heimavist FSu - 2209022

Lagt fram tölvuskeyti frá SASS, dags. 6. september 2022, þar sem óskað er eftir tilnefningu í starfshóp sem kortleggur mögulegar leiðir viðö rekstur heimavistar við FSu. Rangárvallasýsla og Vestur Skaftafellssýsla skulu tilnefna tvo fulltrúa í starfshópinn, einn fulltrúa frá hvorri sýslu. Í fyrri starfshóp var Anton Kári Halldórsson fulltrúi Rangárvallasýslu og Einar Freyr Elínarson fulltrúi Vestur-Skaftafellssýslu. Báðir aðilar gefa kost á sér að vera fulltrúar í þessum starfshópi.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að Anton Kári Halldórsson og Einar Freyr Elínarson verði fulltrúar sýslanna í starfshópnum.

28. Styrkbeiðni vegna dags sauðkindarinnar í Rangárvallasýslu - 2209023

Lagt fram tölvuskeyti Huldu Brynjólfsdóttur f.h. félags sauðfjárbænda, dags. 13. september 2022, þar sem óskað er eftir fjárstyrk vegna dags sauðkindarinnar sem haldinn verður þann 1. október 2022.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að styrkja verkefnið að upphæð kr. 50.000.

29. Styrkbeiðni vegna framkvæmda við Kálholtskirkjugarð - 2209024

Lagt fram bréf og fylgiskjöl sóknarnefndar Kálholtskirkju, dags. 15. september 2022, þar sem

Handwritten signatures and initials: HBH, FI, KH, and others.

óskað er eftir fjárstyrk til framkvæmda við kirkjugarðinn í Kálfholti. Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkti á síðasta ári styrk til framkvæmdanna að upphæð kr. 1,1 mkr. Verkið reyndist mun umfangsmeira og ráðist var í meiri framkvæmdir en til stóð á þessum tímapunkti. Ákveðið var að ljúka fyrirhuguðum framkvæmdum sem áður var búið að áfangaskipta. Til þess að fullfjármagna verkið vantar fjárstyrk að upphæð kr. 2.563.733, en kirkjugarðurinn hefur fullnýtt sitt eigið fjármagn ásamt styrkjum frá Kirkjugarðasjóði að upphæð kr. 1.200.000 og frá Ásahreppi kr. 1.100.000.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að veita styrk að fjárhæð kr. 2.563.733. Samþykkt er að gera Viðauka 3 við fjárhagsáætlun Ásahrepps fyrir árið 2022. Fjármögnun mun ganga á handbært fé sem þessu nemur. Sveitarstjóra falið að útfæra Viðauka 3 í samstarfi við KPMG og senda til lögbundinna aðila.

30. Stofnun nefndar um göngu-, reiðhjóla- og reiðleiðir í Ásahreppi - 2209025

Lögð fram tillaga frá Nönnu Jónsdóttur og Ísleifi Jónassyni um að stofnuð verði þriggja manna nefnd um göngu-, hjóla- og reiðleiðir út kjörtímabilið. Hlutverk nefndarinnar verður m.a. að marka heildar stefnu um málaflokkinn í hreppnum í samstarfið við landeigendur og aðra íbúa. Nefndin á jafnframt að kanna möguleika á aðkomu stofnana að slíkum framkvæmdum og greina möguleg tækifæri sem fælust í tengingum á göngu-, hjóla- og reiðleiðum um sveitarfélagið. Starfsmaður nefndarinnar er sveitarstjóri.

*Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að þessi nefnd verði stofnuð og að vinnulag verði eins og fram kemur í tillögu NJ og ÍJ. Hreppsnefnd skipar eftirtalda aðila í nefndina:
Nanna Jónsdóttir, formaður
Ísleifur Jónasson
Jón Sæmundsson*

31. Ákvörðun um vinnufund hreppsnefndar Ásahrepps - 2209026

Lögð fram tillaga frá Nönnu Jónsdóttur og Ísleifi Jónassyni um að hreppsnefnd verði með vinnufund á næstu vikum og í framhaldi verði haldinn íbúafundur með það að markmiði að heyra og kanna áherslur sem íbúar vilja sjá á kjörtímabilinu.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir fram lagða tillögu samhljóða. Samþykkt að vinnufundur verði haldinn 10. október n.k. klukkan 8:30. Verkefni fundarins verður undirbúningur fjárhagsáætlunarvinnu til næstu ára og helstu áherslumál næstu ára.

32. Rekstraryfirlit sveitarsjóðs Ásahrepps - 2101011

Lagt fram rekstraryfirlit fyrir sveitarsjóð Ásahrepps fyrir tímabilið 1. janúar til 31. ágúst 2022. Til kynningar.

33. Ársskýrsla Skógasafns ásamt ársreikningi 2021 - 2208014

Lögð fram ársskýrsla Skógasafns ásamt ársreikningi 2021. Til kynningar.

34. Stækkun Sigöldustöðvar um allt að 65 MW, matsáætlun - 2205025

Lagt fram álit Skipulagsstofnunar um matsáætlun um stækkun Sigöldustöðvar um allt að 65 MW.

Lagt fram álit Skipulagsstofnunar um matsáætlun um stækkun Sigöldustöðvar um allt að 65 MW. Til kynningar.

Hótt
BT
KTH
WJ

35. Starfshópur til að skoða og gera tillögur um nýtingu vindorku - 2209005

Lagt fram tölvuskeyti frá umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti þar sem kynntur er starfshópur til að skoða og gera tillögur til umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins um nýtingu vindorku.

Til kynningar.

36. Bókun byggðaráðs Skagafjarðar um málefni fatlaðs fólks - 2209010

Lagt fram tölvuskeyti SASS, dags. 25. ágúst 2022, þar sem kynnt er bókun byggðaráðs Skagafjarðar um hallarekstur á málaefnum fatlaðs fólks.

Til kynningar.

37. Endurskoðun Aðalskipulags Ásahrepps - 1910021

Lagt fram tölvuskeyti EFLU, dags. 1. september 2022, þar sem fram koma viðbrögð við athugasemdum Skipulagsstofnunar við tillögu að endurskoðuðu aðalskipulagi Ásahrepps. Einnig lagt fram minnisblað, dags. 31. ágúst 2022 vegna sama efnis.

Til kynningar.

38. Ársskýrsla Íþróttafélagsins Garps 2021 - 2209017

Lögð fram ársskýrsla Íþróttafélagsins Garps fyrir árið 2021 ásamt ársareikningi.


Til kynningar.


39. Næsti fundur hreppsnefndar Ásahrepps - 2101018


Næsti reglubundni fundur hreppsnefndar Ásahrepps verður haldinn 19. október 2022. Fundurinn verður haldinn á skrifstofu Ásahrepps og hefst klukkan 8:30.


Til kynningar.

Fundi slitið kl. 11:45.



Ísleifur Jónasson


Helga Björg Helgadóttir


Nanna Jónsdóttir


Þráinn Ingólfsson


Kristín Hreinsdóttir


Valtýr Valtýsson